

Hákon Jensson

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á vinnslusvæði Norðurorku í Arnarnesi, Arnarholti og Grímsstöðum í Hörgársveit



Búnaðarsamband Eyjafjarðar
Rannsóknarskýrslur 2019/6



Forsíðumynd: Mógröf, byggingar Norðurorku til norðurs.



©Hákon Jensson
Búnaðarsamband Eyjafjarðar,
Akureyri 2019/6

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR.....	1
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR.....	1
AÐFERÐIR.....	3
ARNARNES, ARNARHOLT OG GRÍMSSTAÐIR.....	4
FORNLEIFASKRÁ.....	6
SAMANTEKT.....	10
HEIMILDASKRÁ.....	11

1. Inngangur

Skýrslu höfundur var beðinn að annast fornleifaskráningu á deiliskipulagi fyrir jarðhitavinnslusvæði Norðurorku. Svæðið er 14,46 ha og er ofar byggðar á Hjalteyri í Hörgársveit og er innan þriggja jarða, Arnarholt sem er í eigu Norðurorku, Arnarnes og Grímsnes í eigu Hörgársveitar.¹ Stærsti hluti deiliskipulagssvæðisins er innan Arnarholts eða um 8,25 ha, Arnarnes 4,08 ha og að lokum Grímsnes 2,14 ha.

Landslag ehf. hefur umsjón með verkefninu og felst það m.a. að skilgreina og setja fram skilmála vegna núverandi og fyrirhugaðra mannvirkja sem eru m.a. borholur, dælustöð, borholuhús og skiljur ásamt lögnum um svæðið.²

Vettvangssvinnan fór fram 21 október 2019. Fornleifastofnun Íslands gaf út skýrsluna Fornleifaskráning í Arnarneshreppi I og II bindi árið 2008 sem var notuð sem heimild við skráninguna. Skýrsluhöfundur vill þakka heimildarmönnum Jósavin Heiðmanni Arasyni og Eygló Jóhannesdóttir ábúendum í Arnarnesi og Árna Sigursveinssyni ábúanda í Arnarholti.

Verkefnisnúmer Minjastofnunar Íslands: 2082.

2. Tilgangur fornleifaskráningar

Megin markmið fornleifaskráningar er að tryggja varðveislu menningararfsins ásamt því að gera bæði sveitarfélögum og Minjastofnun kleift að móta stefnu í minjavörslu.³ Til þess að fyrirbyggja að minjar verði fyrir skemmdum við framkvæmdir þá voru sett lög ákvæði að skráning á menningarminjum eigi sér stað áður en gengið sé frá deiliskipulagi eða aðalskipulagi. Jafnframt að sá kostnaður sem hlýst af við skráninguna skuli leggjast á þann sem ber ábyrgð á skipulagsgerðinni í samræmi við skipulagslögin.⁴

Í lögum um menningarminjar frá árinu 2012 í I. kafla, 3. grein er ítarleg upptalning á menningarminjum en samkvæmt þeim eru: „Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar.

Forngrípir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkömum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

¹ Ómar Ívarsson, 2019.

² Ómar Ívarsson, 2019.

³ Heimasíða Minjastofnunar.

⁴ Heimasíða Minjastofnunar.

- a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.
- j. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.”⁵

Varðandi verndun á fornleifum þá er því lýst nokkuð ítarlega í VI. Kafla, 21. grein að: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.”⁶

Þar sem fornleifar eru til staðar þá er ágætt að skoða svo VI. kafla, 22 grein í þjóðminjalögunum en þar er skýrt tekið fram að: „Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.”⁷

Þrátt fyrir að í fornleifaskráningunni finnst engar fornleifar þá er þó mikilvægt að hafa í huga VI. kafla, grein 24 í þjóðminjalögunum að: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo

⁵ Heimasíða Alþingis.

⁶ Heimasíða Alþingis.

⁷ Heimasíða Alþingis.

fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.”⁸

Frá árinu 2013 hefur Minjastofnun verið með staðlaða skráningu fyrir fornleifar. Tilgangurinn með því var sá að samræma gögn og hafa ákveðna kröfu um lágmarksgæði skráningar. Þar af leiðandi ættu framkvæmdaaðilar og skráningaraðilar að hafa nokkuð góðar upplýsingar um kröfur Minjastofnunar til fornleifaskráningar til þess að hún geti tekið byggt sínar stjórnsýsluákvarðanir á.⁹

3. Aðferðir

Við skráningu fornleifa á staðnum var notast við skráningarstaðla Minjastofnunar Íslands. Við undirbúningsvinnuna og úrvinnsluna var notast við ýmis konar heimildir og gögn, til dæmis loftmyndir frá Loftmyndum ehf. frá 1998 til 2018 á map.is, örnefnaskrár og fornleifaskráningu sem Fornleifastofnun gaf út 2008. Ekki reyndist þörf á að nota túnkort frá 1918 þar sem fyrirhugað framkvæmdasvæði er svo víðsfjarri gamla bæjarstæðinu á Arnarnesi.

Örnefni sem benda til fornleifa og gps staðsetningar á áður skráðum fornleifum reyndust hvorki vera innan svæðisins né nálægt því. Haft var samband við ábúendur á Arnarnesi þau Jósavin Heiðmann Arason og Eygló Jóhannesdóttir og könnuðust þau ekki við neinar þekktar fornleifar innan svæðisins.¹⁰ Einnig var haft samband við ábúanda í Arnarnesi hann Árna Sigursveinsson vissi hann heldur ekki um neinar fornleifar en vissi þó að mógrafir hefðu verið teknar þarna í kringum 1942 þegar íbúðarhúsið var byggt á Arnarholti. Mórinn hafði verið notaður sem einangrun í húsið.¹¹

Þann 21. Október 2019 gekk skýrsluhöfundur svo skipulega um svæðið og þar sem minjastaðir fundust þá voru þeir hnitsettir (ISN93), upplýsingar skráðar um þá, þeir ljósmyndaðir og minjastaður mældur upp með trimble stöð. Kortin voru svo unnin í Microstation v8i forritinu með loftmynd undir frá Loftmyndum ehf. frá 2018. Þrátt fyrir að hafi verið gengið skipulega til verksins þá verður að hafa það í huga að óþekktar fornleifar geta alltaf komið í ljós og verður þá að taka tillit til þess í framkvæmdunum.

⁸ Heimasíða Alþingis.

⁹ Heimasíða Minjastofnunar.

¹⁰ Jósavin og Eygló. Munnleg heimild.

¹¹ Árni Sigursveinsson. Munnleg heimild.

4. Arnarnes, Arnarholt og Grímsstaðir

Arnarnes er nefnd í Landnámabók en þar segir að Hámundur Heljarskinn hafi gefið Erni frænda sínum þessa jörð og hafi hann búið hér fyrstur manna.¹²

Í jarðarbók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns stendur að til forna hafi staðið bænahús á jörðinni og hafi heima menn verið grafnir þar. Einnig þar hafi tíðar verið veittar og fólk tekið til sakramentis til 1700. Jörðin geti fódrað 2 kúr, 24 kindur, 10 lömb og hest til hjálpar en önnur dýr verði að ganga úti. Það sé upprekstur á Þorvaldsdal fyrir toll. Arnarnes sé fyrst og fremst sjöjörð og eigi allan reka sem komi þar á land en það hafi þó verið betri rekavon áður fyrr. Nokkur silungsveiði sé og útræði vor og haust þegar einhver fengur er. Torfrista sé mjög slæm og verður að nálgast hana annars staðar. Í frostavetrum bresti oft vatnsból og þurfi þá að fara langa leið til þess að nálgast vatn. Leifar sé að tóftum í landinu og er talið að þar hafi verið byggð kölluð Skógarbrekkur en ekki hafi verið byggð þarna í manna minni. Girðingar séu þarna líka með tóftarleifunum og líkast að til að þar hafi verið þrælsgerði.¹³ Arnarnes var þingstaður frá 1824 til 1911.¹⁴

Arnarnes stendur við sjó við samnefnt nes um 27 km frá Akureyri.¹⁵ Bærinn stendur nokkuð austan við Ólafsfjarðarveg og Arnarnestjörn vestur í Bakkaásnum norðarlega. Tún jarðarinnar liggja upp frá tjörninni og suður í mýrina vestan bæjarins einnig eru tún upp á ásnum.¹⁶ Landareignin nær frá Tjarnarlæk og Arnarnestjörn austur að sjónum, Arnarholti og Hjalteyri og norðan frá Arnarnesvík og Arnarnesnöfum suður að Bragholti og Ytri-Bakka. Einnig er lítil spilda sem tilheyrir Arnarnesi vestan Arnarnestjarnar en hún er mestu nýtt sem sumarbústaðarland og til skógræktar. Beint suður af bænum er tún sem heitir Steinnes og ber sama nafn og þurrabúðarbýli sem var þar frá 1890 fram undir 1930. Austar í ásnum ofar Hjalteyrar voru fjögur grasbýli byggð úr Arnarneslandi á fyrri hluta 20 aldar. Býlin eru Arnarholt, Eyrarbakki, Hvammur og Grímsstaðir. Í nágrenni við Eyrarbakka var einnig um tíma þurrabúðin Holt en húsið var kallað Stinnakofi. Austan við tjörnina á grandanum var Ytri-Hjalteyri sem einnig var byggð úr Arnarnesi en var seinna sameinuð Hjalteyri. Öll búin eru komin í eyði nema Arnarholt en hús standa þó á Eyrarbakka og Hvammi nýtt sem sumarbústaðir.¹⁷ Á Arnarnesi eru borholur í eigu Norðurorku hf. og er heitt og kalt vatn leitt úr þeim til Akureyrar.¹⁸

Arnarholt er smábýli sem var byggt úr landi Arnarness 1942. Bærinn stendur á ásbrúninni skammt norðan við Hjalteyri. Í austur nær landið að sjónum og Hjalteyri en suðri að eyðibýlunum Hvammi og Grímsstöðum og í vestri og norðri að Arnarnesi. Búskapur lagðist að í Arnarholti 1967.¹⁹ Í landi býlisins eru borholur og dæluhús í eigu Norðurorku og er heitt vatn leitt úr þeim til Akureyrar.²⁰

¹² Ármann, Eggert og Sveinn, MCMLXXIII, bls. 122.

¹³ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín 10 bindi, bls. 123-124.

¹⁴ Guðmundur, Jóhannes og Kristján, 1993, bls. 358.

¹⁵ Ármann, Eggert og Sveinn, MCMLXXIII, bls. 122.

¹⁶ Guðmundur, Valdimar og Jóhann, 2013, bls. 199.

¹⁷ Guðmundur, Jóhannes og Kristján, 1993, bls. 358.

¹⁸ Guðmundur, Valdimar og Jóhann, 2013, bls. 199.

¹⁹ Guðmundur, Jóhannes og Kristján, 1993, bls. 362.

²⁰ Guðmundur, Valdimar og Jóhann, 2013, bls. 200.

Grímsstaðir er einnig smábýli byggt úr landi Arnarness árið 1917, stóð býlið ofan við Hjalteyri nokkuð norðarlega beint upp af Eyrarbakka. Þar sjást nú einungis tóftarbrot enda var íbúðarhúsið rífið upp og flutt til Akureyrar þegar býlið fór í eyði 1952.²¹ Það tilheyrir núna Hjalteyrarlandinu sem er í eigu Hörgársveitar.²²

²¹ Guðmundur, Jóhannes og Kristján, 1993, bls. 423.

²² Guðmundur, Valdimar og Jóhann, 2013, bls. 343.

5. Fornleifaskrá

Fornleifanúmer: 2082-01

Hnit: A536007.02 N595776.90 ISN93

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Niðurgröftur

Á norður hluta deiliskipulagssvæðins á þeim hluta sem tilheyrir Arnarholti er malarplan og nokkur mannvirki standa þar sem tilheyra Norðurorku. Þar fast norðan við planið er mógröf eða hluti af mógröf. Samkvæmt heimildarmanni Árna Sigursveinssyni frá Arnarholti þá vissi hann til þess að mógröfin hefði verið mun stærri og væri búið að ýta yfir hluta af henni²³ og sést það glögglega á eldri loftmyndum að hún hefur verið umfangsmeiri áður fyrr.

Stærð grafarinnar núna er um 260 fm og þar sem hún liggur í brekku þá eru bakkarnir í vestur og norður töluvert stærri um 2 m heldur en í austur um 0,2 m, í suður er búið er að ýta yfir hluta af henni og því ekki hægt að fullyrða neitt um hæð bakkana þar.



Mynd 1: Mógröf mynd er tekinn í suð-vestur, byggingar Norðurorku sjást í suður.

²³ Árni Sigursveinsson. Munnleg heimild.

Fornleifanúmer: 2082-02
Hlutverk: Mógröf


Hnit: A536087.91N595791.54 ISN93

Tegund: Niðurgröftur


Í kringum 70 austur af fyrri mógröfinni er önnur minni einnig innan Arnarholts. Hún mjög regluleg í lögun og er um 130 fm. Hún liggur einnig í brekku og voru bakkarnir um 0,8 m í vestur en 0,1 m í austur. Nokkurs konar tjörn var í henni þar sem meira vatn sat í henni heldur en í umhverfinu í kring. Þessi mógröf er einnig mjög greinileg á loftmyndum.



Mynd 2: Mógröf mynd tekinn í suður, byggingarnar á Arnarholti sjást í suð-austur á myndinni.



nafn: Arnarnes, Arnarholt og Grímsstaðir	teikn. 16.12.2019 hj	Skýringar: Afmarkað deiliskipulagssvæði	BÚNAÐARSAMBAND EYJAFJARÐAR Óseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, netf: bugardur@bugardur.is
HÖRGÁRSVEIT	mælikv. 1:3000 í A4	Norðurorku úr jörðunum Arnarnesi, Arnarholti og Grímsstaða.	Unnið eftir mynd nr. e544 / gps mæl. frá Loftmyndir ehf. 2018



nafn:	Arnarnes, Arnarholt og Grímsstaðir		Skýringar: Afmarkað deiliskipulagssvæði Norðurorku úr jörðunum Arnarnesi, Arnarholti og Grímsstaða.	 BÚNAÐARSAMBAND EYJAFJARÐAR Óseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, netf: bugardur@bugardur.is
	teikn.	16.12.2019 hj		
HÖRGÁRSVEIT	mælikv.	1:3000 í A4		Unnið eftir mynd nr. e544 / gps mæl. frá Loftmyndir ehf. 2018

6. Samantekt

Af þeim þremur jörðum sem deiliskipulagssvæðið nær yfir þá fundust aðeins mógrafir á þeim hluta sem tilheyrir Arnarholti. Grafirnar tvær voru að ólíkri stærð og eins og sést glögggt á eldri loftmyndum þá hefur stærri gröfin verið töluvert umfangsmeiri og er búið að moka yfir hluta af henni til suðurs.

Í bókinni Mannvist eftir Birnu Lárusdóttir þá nefnir hún að mógrafir finnist lang oftast í mýrlendi eða í mýri þar sem land hefur verið ræst fram. Stundum líkist þær tjörnum með reglulegum brúnum ef að vatn situr í þeim eins og oft er raunin. Í öðrum tilvikum sjáist þær ekki nema í ákveðinni birtu eða úr lofti. Flestar að þeim mógröfum sjást enn í dag hafi að öllum líkindum verið í notkun fram á 19 til 20 öld. Stærð grafanna geti líka verið mismunandi allt frá fáeinum fermetrum til nokkur hundruð. Ekki sé óalgengt að mógrafir séu allt að 2 m að dýpt en nýteknar gátu verið mun dýpri.²⁴

Lýsingar þessar af mógröfum koma ágætlega vel saman við grafirnar sem fundust í Arnarholti. Minni gröfin líktist nokkur veginn tjörn með reglulegum brúnum þar sem vatn sat í henni. Stærri gröfin var einnig nokkuð regluleg en ekki jafn mikið vatn virtist vera í henni. Það hve grafirnar voru sýnilegar á vettvangi og á loftmyndum gefur vísbendingu um seinni tíma notkun.

Vitnisburður heimildarmanns að mór hafi verið tekinn þarna þegar íbúðarhúsið var byggt í Arnarholti um 1942 ýtir undir þá kenningu.

Þrátt fyrir að ekki hafi fundist fleiri leifar af menningarminjum innan reitsins við vettvangskönnun og heimildarvinnu þá er ágætt er að hafa það í huga að fornleifar hafa 15 m. friðhelgi. Þar sem fornleifaskráning tekur aðeins á minjum sem sjást á yfirborði þá er alltaf sá möguleiki fyrir hendi að fleiri minjar leynist undir yfirborðinu þegar framkvæmdir hefjast. Verður þá að tilkynna fundinn til Minjastofnunnar sem tekur ákvörðun um framhaldið.

Akureyri, 30. desember 2019.
Hákon Jensson

²⁴ Birna Lárusdóttir. 2008, bls. 270-271.

7. Heimildaskrá

Ármann Dalmansson, Eggert Davíðsson og Sveinn Jónsson (ritnefnd). (MCMLXXIII). Byggðir Eyjafjarðar II. Bindi. Akureyri: Búnaðarsamband Eyjafjarðar.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. (1942). Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Eyjafjarðarsýsla. tíunda. bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag. [Reykjavík: Sögufélagið. Ljósprentuð útgáfa 1987.

Birna Lárusdóttir, aðrir höfundar Adolf Friðriksson, Árni Hjartarson, Bjarni F. Einarsson, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Guðmundur J. Guðmundsson, Hildur Gestsdóttir, Orri Vésteinsson og Þóra Pétursdóttir. (2011). Mannvist. Sýnisbók íslenskra fornleifa. Bókaútgáfan Opna. Reykjavík.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Orri Vésteinsson, Sólveig Guðmundsdóttir Beck, Stefán Ólafsson og Þóra Pétursdóttir. (2008). Fornleifaskráning í Arnarneshreppi I og II. Bindi. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

Guðmundur Páll Steindórsson, Jóhann Ólafur Halldórsson og Valdimar Gunnarsson (ritnefnd). (2013). Byggðir Eyjafjarðar 2010, Fyrri Bindi, Akureyri: Búnaðarsamband Eyjafjarðar.

Guðmundur Steindórsson, Jóhannes Sigvaldsson og Kristján Sigfússon (ritnefnd). (1993). Byggðir Eyjafjarðar 1990, Akureyri: Búnaðarsamband Eyjafjarðar.

Heimasíða Alþingis. Lög um menningarminjar. Sótt af <http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>. Skoðað 16.02.2019.

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráning fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/>. Skoðað 16.02.2019

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráningarstaðlar fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/skraningarstadlar/>. Skoðað 16.02.2019

Ómar Ívarsson. (2019). Deiliskipulagsstillaga fyrir vinnslusvæði Norðurorku ofan byggðar á Hjalteyri sem er innan jarða Arnarholts (í eigu NO), Arnarness og Grímsstaða í (eigu Hörgársveitar) (í vinnslu).

Munnlegar heimildir:

Árni Sigursveinsson 1953. Arnarholt

Eygló Jóhannesdóttir 1958. Arnarnes

Jósavin Heiðmann Arason 1953. Arnarnes

Örnefnaskrár:

Aðalsteinn Jónsson.(1985). Arnarnes viðbætur, Arnarneshreppur, Eyjafjarðarsýsla.
Örnefnastofnun.

Jóhannes Óli Sæmundsson. Örnefni í Arnarneshreppi Eyjafjarðarsýslu.

Margeir Jónsson. Arnarnes, Arnarneshreppur, Eyjafjarðarsýsla. Örnefnastofnun